



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 10. júní 2013, kl. 10:00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúa og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1304040 – 213388 Flateyjarland, iðnaðar og athafnalóð, umsókn um lóð.

Umsókn Minjaverndar 4. apríl 2012. Minnispunktur frá Landmótun varðandi málið.

Nefndin fór yfir minnispunkta frá Landmótun varðandi skipulag athafnasvæðis skv. gildandi aðalskipulagi í Flatey og skipulagsreglugerð 400/1998, sem aðalskipulagið byggir á. Byggingafulltrúa falið að gera tillögur að tveimur lóðum. Samþykkt samhljóða.

2. 1304028 – Krani á höfnina í Flatey

Burðarþolsteikningar krana.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við uppsetningu á löndunarkrana á höfninni í Flatey, að öðru leyti er erindinu vísað til hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

3. 1304002 – Reykólahöfn dýpkun.

- Verkfundur með Siglingastofnun og Hagtaki hf. 3. maí 2013 og undirritaður verksamningur við Hagtak hf. vegna verksins "Reykólahöfn, dýpkun 2013".
- Erindi sveitarstjóra til Umhverfisstofnunar 3. apríl 2013 vegna vörpunar efnis í haf.
- Svar Umhverfisstofnunar 6. maí 2013

Nefndin gerir engar athugasemdir við ofangreind gögn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

4. 1306002 - 358. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:00
